

Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna gullgildingar Árórsamningsins og frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Viðskiptaráð veitir hér umsögn sína vegna frumvarps sem felur í sér breytingar á ákvæðum ýmissa laga vegna fullgildingar Árórsamningsins og öðrum breytingum samhliða því. Samhliða er hér veitt umsögn um frumvarp til laga sem fela í sér stofnun úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Viðskiptaráð Íslands mun ekki veita ítarlega umsögn vegna ofangreindra frumvarpa en þess í stað fjalla aðeins um einstök atriði sem sérstaklega verður að gera athugasemd við. Frumvörpin eru sett samhliða vegna fullgildingar Árórsamningsins um aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð og virkum úrræðum til endurskoðunar ákvarðana stjórnvalda um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Samningurinn hefur að geyma lágmarksviðmið og er það svo undir hverju og einu aðildarríki komið að útfæra þær frekar. Í frumvarpinu er gengið lengra en gildissvið samningsins felur í sér, þ.e. þær reglur sem mælt er fyrir um ná til fleiri mála en aðeins þeirra sem falla undir samninginn. Sem dæmi um þetta eru stjórnvaldsákvæðanir vegna matskyldu framkvæmda og umhverfisáhrifa felld undir frumvarpið þó samningurinn geri ekki ráð fyrir því. Þessi útvíkkun er gerð á grundvelli túlkunar nefndar fulltrúa sem fengu það hlutverk að fjalla um samninginn en virðist hins vegar ekki byggja á neinni fyrirmynd frá öðrum þjóðum sem hafa fullgilt samninginn.

Í frumvarpi til laga um úrskurðarnefnd kemur fram hverjir geta verið aðilar að kæru til nefndarinnar á grundvelli Árórsamningsins. Í 4. gr. kemur fram að þeir einir geti kært stjórnvaldsákvörðun til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á. Á þessu eru hins vegar þrjár undantekningar sem koma fram í ákvæðinu, þessari undantekningar eiga við um ákvarðandi Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda og ýmsar aðrar ákvarðanir vegna umhverfisáhrifa. En einnig á undantekningin við um ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um úrskurðarnefndina kemur fram að fá dæmi séu um að aðildarríki samningsins hafi opnað fyrir aðild allra að stjórnvísuákværum með þeim hætti sem hér er gert og t.d. að ekkert Norðurlandanna hafi gert það. Réttlæta höfundar greinargerðar þessa útvíkkun með því að hér sé verið að marka sjálfstæða stefnu sem veitir viðtækan rétt fyrir almenning til að fá endurskoðaðar ákvarðanir stjórnvalda sem varða mikilsverða umhverfishagsmuni. Af greinargerðinni má því draga þá ályktun að þeir málaflokkar sem falla undir undantekningar um aðila teljist til mikilsverðari umhverfishagsmuna en önnur mál sem samningurinn nær til og að verulegir hagsmuni séu af því að almenningur hafi hér aðildarheimild, þetta er þó ekki rökstutt né útskýrt frekar en með þeirri fullyrðingu.

Þau tilvik sem hér um ræðir eru því án nokkurra fordæma frá þeim ríkjum sem hafa fullgilt samninginn. Ekki er sérstaklega fjallað um það í greinargerð með ofangreindum frumvörpum af hverju vikið sé frá þeim viðmiðunum sem aðrar þjóðir hafa beitt við fullgildinguna með þessum hætti. Ríka kröfu verður að gera til réttmæti slíkra frávika og rökstuðnings fyrir því. Í ljósi þess hversu íþyngjandi áhrif útvíkkun á aðildarreglum hefur á málsmeðferð skipulags- og umhverfismála verður að gera sérstaka athugasemd við þá stefnu sem hér er tekin.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands